[Þess íslendska evangeliska smábókafélags rit Nr. 29.]

# Nockrir Hugvekju Sálmar.

Af útleggjara Ritsins No. 17.

1.

Lagid: Vakna mín sál og verdum.

Ai vöknum, brædur! enn er tími", enn skín oss Jesú ljós og náð;" en máské burt á morgun rými" máttur andar og lífsins dáð;" ó hvad vesæll er sérhvör sá," sem Jesús ecki líknar þá!

En — hvörnig skal hann líkn þeim láta" ljúfur í tje, þó vilji best," sem aldrei syndir gjördu gráta," géfinn ydrunar losa frest" burtu, sem rídi eingu á," aldrei þó Jesúm feingju sjá.

Viljum vér því oss verdi géfin" vol á miskun, í daudans neyð," hefjum ydrunar helgu stefin," heitt kvaki bænar raust um leid": ó Jesú, vertú æ hjá mér;" æ lát mig staduæmast hiá þér!

Hjá hönum stad í trúnni tökum", til hans miskunar flýjandi", og í hlýdugri elsku vökum", ætíd hjá hönum bidjandi": ó Jesú, sleptú aldrei mér!" aldrei vil sleppa Jesú þér!

Oss því frá Jesú aldrei slíti» uppþédan nockur syndagjørd», einginn daudi, eckert helviti", eingin breyting sem finst á jørd»; uns Jesús verdur øllum oss» eylíft sigurs. og dýrdar hnoss!

2.

Lagid: Lúnga mín af hjarta hljódi.

Mikid er hvad manna hugur» mieg vid heim. inn leda kýs», en svo lítil dád og dugur» dygda finnda sannann prís;" þeirra eyra» þé má heyra»: þeim sé daudinn ætíd vís.

Hvad er møts vid eylífd alla» æfi stammi sinn lífsins hér» aldrei kann svo indæl falla", hún endist ei þá minst varer;" en sú giæda» gnógt á hædum» Gud oss býdur, aldrei þver!

Audlegd heims fær ecki startad" á vid dygdir minsta hót; úr lífsælu allri hjartad» er sam» vitskan gód af rót"; sídst þarf klaga" sá hvørs dagar» sælu Jesú hlaupa' á mót.

Gledi þar ad fagna fundi» Frelsarans, sem dó á kross", sigurmerkium sjálfs hans undir» sælu veit eg dýrsta hnoss;» þar til kieppum», þad svo hreppum», þegar tíminn hverfur oss!

Lof sé Fødur lífs á hædum» lífs er gaf oss rétta trú», svo útlegdar oss í mædum», ávalt gleddi huggan sú": hlær oss møti», heims fróti», himnesk sæla vors Jesú!

3.

Lagid: Stridsmenn þá høfdu krossfest.

Hvad er líf manns í heimi hér“ hann ef frá dygdunum» villist, og eingan ávøxt bér» af Drott- ins velgjørdum!» mun hann ei baka sjálfum sér, svoddan med athøfnum», skelfiligast hvad sképnum er» skapad í forløgum?

Seint er ad ydrast synda þá“ (sannleika vit- um þann)», ad þegar dynur daudans þrá“, dóm- arinn kallar mann;“ máské svipstundu einni á“, vrendur liggi hann», ellegar rænu rickist frá“, rétt svo ei þeinkja kann.

Hefdum vér þessi heilrædenn» hugføst, sem skyldugt er», oss mundi þá ei ódygdenn», eins og þráliga skér,» fella í sálar fiørrádeun;“ fyrir því ottast ber»: líkn Guds þó spari lastamenn», lætur ei hæda’ ad sér.

Aldrei ofsnemma ad er gád“ athæfis leid- rétting;» aldrei ofsnemma af er mád“ illverka for- dæming»; aldrei ofsnemma trú fær tiád» til dygdar upphvatning;“ aldrei ofsnemma um Guds nád» ødlustum sannfæring.

O Jesú nádar andi þinn», í trúnni styrki mig»; ávallt svo líf og andi minn» í dygdum prísi þig;» eg þegar hédan alfarinn», á daudans hørfa stig», mig endurnæri máttþrotinn» miskun þín guddómlig!

4.

**Lagid: Rís upp mín sál ad nýu nú.**

Sjádú Golgatha syndarinn!» sjú þú Lausnara sleglðann þinn» ofraun kvalanna kremur;» hvad þeinkir þú», þegar enn nú», þverúd í syndum fremur?

Meinar þú réttlaus muni þinn» medalgángari sárkvalinn» falla, á deigi dóma, sem tredur þú» í saurinn nú» synda, líkt og hégóma?

Þykir þér ecki á því von", ad Gud fyrir sinn einka son" hardur í hefndum verdi?" hvernig skal blind" af molld mannkynd" mæta hans reidi sverdi?

Er ecki sárt ad elska þann" aptur á mót sem hatar mann, og gjörir allt til rauna?" er Jesú nád" og elsku dád" ei verdug betri launa?

Sétur þá ecki gramist þér" gudleysid, sem í ostum er!" en Jesú elskan heita" glædt hjá þér von", Guds fyrir son", Guds miskunar ad leita?

Sjá nú Golgatha syndarinn!" sé tregi fyrir illverkin" helgur í hiarta þínu;" til miskunar" þér Jesús þar" þolir dauda og pínu.

Þegar af hjarta þú ydrast", þinn og lifnadur sannbetrast", þarftú sídst því ad kvída": ad kvalirnar", sem Christur bar", krefjist af þér ad lída.

Beri svo til ad synda sekt", sárri med kvögun, hardla frekt" til hugarvíls þig tæli;" lát

þá sem hann", er líf þér fann", líkt þessu við þig mæli:

Afþurka nú þín angurs tár", opið þér gæðsku hiarta stár" míns Föðurs miskunandi", Frelsingi minn!" eg Jesús þinn", jafn Guði allsvaldandi!

Tár runnin blóðug tíðt af mér", tárin að helga fyrir þér" yðrunar, og afþerra;" mitt hylur blóð" þinn synda sjóð"; síðst skal þér huggan þverra.

Þú hefur grátið, grát ei meir!" gét eg ei brotið veikan reir" trúar, þó litra kunni;" svo skyrkti' eg hann", sártitra vann" sjálfur einn í pínunni.

Yðrunarlausum, ó Jesú!" í þinnar pínu krapti, trú" og yðrun virðstu veita!" alla þá mest", sem yðrast best", huggi þín elskan heita!

## 5.

**Lagið:** Sirkisdsmenn þá hösdu krossfest.

Synda þá minníng sáran móð» samvitskum orsakar», og fortærandi Guðs við glóð», gét eg ei búið par;» ángráðu hjarta opnast slóð" athvarfs og huggunar», uppá Golgatha sjer þar sjóð» sönn trú Guðs miskunar.

Þar undir krossi finnur frið", á flótta lagð samvitskan;» blessaða Jesú blóðregnið», úr ben hans hverri sem rann», verkar hiá Guði vægð

og frid», vid sekan þurfamanns» ydrandi, lífs er athvarfid» í Jesú dauda sann.

Legmálid hrópar bölvun brátt", ef bryti nockur þad;" Jesús fullkomnad hrópar hátt"; hann bölvun gjördist ad;" fullkomin er því feingin sátt", fyrir minn ílluerknad;" o hvør sær Jesú elsku' og mátt" ad fullu vegsamad!

Huggun og rósemd hardla mæt" hiartanu villa mín", af fögnudi svo eg feiginn græt", en fyrr grét af synda pín;" minni' önd, Jesú! miøg ágjæt" miskun af krossi þín" hreinsan er best og sbølun sæt", sem ad aldregi dvín.

Daudi þinn, Jesú Drottinn minn", deydi í mér synda gnótt!" elskunnar heitur anda þinn" efli mér dygda þrótt! heilög þín píslar hvørmúngin" huggi mig, þegar nótt" ér mín sídarsta upprunnin" í minni banasótt!

## 6.

### Lagid: Uppá flaskid Jesús vendi.

Sáluhjálpari syndaranna", sanni Jesú, dýrd sé þér," daudans villdir kvalir kanna", keypt svo lífid yrdi mér"; leidslú spöttid lastaranna", lofad þig svo feingjum vér.

Lofi þig allra lífs vor kraptur", lífshöfdíngínn, jördu á!" fridur nú er feinginn aptur", fyrir blód þitt, Gudi hjá;" synd og dauda sigur kaptur", sæla bodin lífsins há.

Æ ad vaki oss í minni» elskan þinna viska hrein», til ad varna vid syndinni», verma hjartans dygda grein;" og med sálar ánægjunni» ßá ad sefa lífsins mein.

7.

Lagid: Fadir vor sem á himnum ert.

O þú Gud Drottinn allsherjar» einka dómari veralldar!» eg mæni bljúgur upp til þín", undir syndanna byrdi mín» þúnga stynjandi, því hún er» þrátt vaxin yfir höfud mér.

O mínar syndir ótal nær», ó hversu stórar líka þær!» ó hvílík bingdan andu mín», á móti tign og gjædsku þín!» finn þó lífs eingin nunur ráð», enn flýa á þína guddóms nád.

Ráð mitt er harma reiki á," rádtú fyrir mig, Drottinn þá;" synda' afbýdur sektin mer", sem eg er hladinn móti þér;" offakad gét eg ecki mig", ei heldur kvittad Gud! vid þig.

Í himinn hrópar ílgiørd mín", af himni samt er nádin þín" yfir mig fallin úthrópud;" í Jesú nafni, Drottinn Gud!" æ haldtú mér vid ydrun fast;" æ láttú mig ei fortapast!

Minstú þíns sonar sáru pín", synda þá bar hann gjøldin mín" uppá krossinn, og allur var" í báli þinnar hegníngar;" glædum eylífum hann bjó hjá; hans vegna mig þeim leystú frá!

Þú hefir svarid: þér ei sé" þacknæmt ad nockur syndare" falli í sálar fordæmíng;" frelst

villt hans og leidréttíng;" og þann hefir þú eid-stafinn" aflagt vid líf þitt, Drottinn minn!

Eg gét því ecki efast um" ei viltú eg í syndunum" fárádur skuli fortapast", fyrst þú kant ei ad umbreytast;" svarinn eidstaf frá sjálfum þér" set eg fyrir mitt líf atkier.

Lífsins konúngur láttú mig" lífi hallda' og dýrdka þig!" Lífsins Frelsari! líf mitt sé" þíns lífs og dauda sigur sé!" Andinn lifandi ept mér trú!" æ guddóms þrenníng heyr mig nú!

---

## Ydrunar-Sálmur.

Af Studiósus Olafi Sigurdssyni á Flatey á Br. f.

---

Lagid: Jesú Christi! þig kalla' eg á.

O miskunsami og mildi Gud!" ad miskun hjá þér eg leita;" sannydrandi því náð í naud" nam þinn sonur ad heita;" eg hefi lærdt ad þeckja þig" og þín bod, sem rækja' eg skyldi" svo mætti mildi;" en holld og heim látid locka mig", líkt sem spillt giradin vildi.

Líknsami Fadir! Líttu til mín", lát mig ei synda gjalda!" samvitsku ógnar sárlig pín", synda þúngann margfaldar;" mannligt eg eckert medal finn", sem minni sál kunni' ad duga", og hreldum huga;" hjálprádid sanna' eg sonur þinn", sekudum fullgildaga.

Af öllu hiarta eg bið þig", ó minn hjartkjæri Faðir!" í nafni Jesú náða mig", því náðartíð áqvarðaðir!" Láttu mig njóta lausnarans", sem lifði og dó heilagur", lífsfursti fagur"; þyrmdú mér fyrir þjáníng hans!" — Það er enn náðar dagur!

Fyrir þinn son, er boð það bauð", bræðrum til sín að leita", ángráðum vann í allri nauð" endurnæríng' að heita;" gef mér að lið og hjástoð hans" hugsvali sálu minni", svo fríð eg finni"; fullnægja blessuð Frelsarans" friði mig hverju sinni.

Upp til þín Jesú! horfi' eg hér" hugskots augunum mínum;" árnan þín vinni miskun mér", minni sál forði pínu;" anda þinn láttu leiða mig", lífsins um vegu sanna;" kvittun lát kanna"; af allri sál því elska' eg þig", öll hata verk syndanna.

Reiði' eg mig, Guð! á miskun þín", minn lifnað heiti' að bæta;" komi því dauðans kall til mín;" í krapti Jesú vil mæta". Fús héðan vil og fara nú," frá heimsins glist' og blóma;" sannan með sóma' hiá þér að ödlast, ó Jesú!" eylífan dyrðar ljóma.

# Liks efnis af útgéf.

1.

**Lagid: Við banda mig ei verja má.**

Veit þú mér Gud ad þeckja þig», þig bædi' og mig;" þig einn heilagan Herra!" mig alþakinn med sekt og synd», satans ómynd», ek eg veit eckert verra;». lát þeckíng þá» þánka minn slá;" svo ydrunar art» uppkomi snart», en þrjótskan meigi þverra.

Veittú mér þvínærst þeckja þann", Gud og mann", heiminum sem þú sendir», Jesúm Christ, er oss blessun bjó», nær blessadur dó», og synd-urum sannleik kéndi;» sannleikur sá», seigir oss frá", ad fyrir hans deyd» frelsist af neyd», sá í trú ser umvendi.

Æ Drottinn láttú anda þinn" uppvekja minn" ydrunar til og trúar;" sködugan sídan standa í nád", med sterkri dád", þó freistínga geisi grúar;" bæn-heyr þú mig", bid eg Gud þig", fyrir þinn son", er frelsis von" oss réd um eylífd búa.

2.

**Lagid: Sælir eru þeim sjálfur Gud.**

Æ hvad mitt hjarta' er ofur kaldt", ó þú minn Drottinn blídi;" verm þad med þinni verkun allt", ad verdi þad heitt um sídir!" ó gef þú mér", eg géti hér" grátid synda sekt mína;" svo ydran hrein", ecki ofsein", uppvekji miskun þína.

Slá þú á þennan þúnga klett", þínum með lögmáls sprota", að fossar yðrunar flói rétt" fram af hönum til nota!" verkaðu það" vel, sem umbað", vyrðstu mér Drottinn snúa!" er það verk þitt", en ecki mitt;" eg vil því gjarnan trúa.

Láttu samt ángri teingjast trú» til míns Frelsarans kjæra», einúngis þar eð vorkar sú;» ofs þína náð tilfæra;» orkar þess samt» að eins svo fram", ávoxtum blómgist sönnum» dygða, sem ber», til dýrðar þér", en dæmis öðrum mönnum.

Eg vil nú, Herra, anda þinn" af ásettu ei framar hryggja;" ásetníng þennan efldu minn", í mér vyrðst sjálfur byggja;" bænheyr þú mig", bið eg, Guð, þig", fyrir blessaðan son þinn kjæra;" lát þig hans blóð", sem leysti þjóð", til líknar við mig hræra!

3.

Lagið: Túnga mín af hjarta hljóði.

Hvert á eg nú syndum sjúkr" sálu minni að snúa hér", að hún lækníng móti mjúkri" mætti taka, þerf, sem er?" til þín blíða" lífgjöf lýða", ljúfi Jesú tak við mér!

Á þínum krossi þér útblæddi" þinna sára dýrast flóð", svo þú með því salve græddir" synda mein á heimsins þjóð;" á mér hríni", svo dvíni" eymd og synd, þitt rauða blóð!

Til þess ad mér audnist þetta", ómissandi" er trúar dád;" hana kveiki hjá mér rétta" heilaga þíns anda nád;" svo kiærleik medur", Gud sem gledur", gjøri eg mitt bæta rád.

Þá fæ eg best þackir sagdar" þér, sem deydir fyrir mig", í ordi og verki eins framlagdar" af øllu hjarta fyrir þig;" á jørdu bædi" og himna hædum", heidran sú mun votta sig.

---

## Morgun andaktar Sálmur.

Af Sæmundi Oddssyni, presti ad Tjørn á Vatnsnesi.

---

**Lagid: Jesús Guds son eingétinn.**

Lofgjørd og þackir þídar" þér sé, ó Drottinn minn!" nýr dagur nýrrar tídar" nú er enn uppi runninn", þín sem ad gjædskan géfur", er gjætt vor og verndad hefur;" gofgist guddómur þinn!

Hvornig kann eg sem ætti", o Herra minn minn Jesú!" af sálar øllum mætti" almátt þinn prísa nú? andi þinn hug minn hræri", hjartad og og varir bæri", ad heidri' eg þig hér med trú.

Géf mér af gjædsku þinni", ad gjeti' eg svo þjónad þér", í hegdun allri minni", eins og þú býdur mér;" og ad eg elsku þína" alla lífdaga mína" hlýdinn vegsami hér.

I dag og allar stundir", o Gud! eg fel mig þér;" allri lífs hegdun undir", andi þinn

stjórni mér», holdsins svo verkum hafni», en hreinum manndygdum safni», líf medan lánad er.

Audmiúkt mér innræt sinni», ánægt med hvad sem þú" gefur af giædsku þinni", gódgjarnasti Jesú!" veittú mér bidlund blída", baginda krapt ad líða", mér ef þaug mæta nú.

Gék mér af giædsku þinni", Gud! þad sem eg vidþarf;" líf mitt þar til hér linnir", og loksins medtek þann arf", hvørn þú af gódsemd géfir;" er glæpugan nád umvefur;" mitt verid allt alhvarf!

En þegar æfi' á enda" útrennur dagurinn", lát þú mig fá ad lenda", líknsami Jesú minn!" í fridarhøvd frídri þinni"; fylgdú þá sálu minni" hédan í himininn.

## Kvøld-Sálmur af sama.

**Lagid: Jesús Christur ad Jórdan kom.**

Guddóms eylífa giædsku ráð", grædarinn Jesú mildi!" vor hefir giætt þín voldug nád", og varid med fridar skyldi;" óvina grimd og ákeld stríd" eckert svo kunni skada;" oss, um aflidna æfitíd", adstód og hjálp veitt hrada", nært líf, en giørdt sál glada.

Svo hefir guddóms giædska þín" giætt ad vorum lífs høgum", ad eingin mæda, ógn né pín" æfi gat sædkad døgum;" þú hefir valad

yfir |oss," audsýndt gjafir margfaldar;" sælu framboðið sanna hnoss", sekta ei látið gjalda", sem vorar syndir valda.

Hvornig fæ eg, ó góði Gud!" gyldað svo hátign þína", eins og þín mildin margháttud" metta rḗð sálu mína;" í vosku' og svefni vernd og náð", værd, frid og heilsu þída", þitt hefir veitt mḗr vísdóms ráð", velferð sem þókti hlýða;". Blessað sé nafn þitt blída!

Faðir! samt illa fyrir þēr" framferdi stýrdi' eg minni!" vægdú' og líkna, minn Gud, mēr" margsekn barni þínu!" syndanna særd og sokin mín" særir þitt sodur hjarta"; kaldlynd náttúru kergja' ei dvín", klædið svo skírnar bjarta" á skḗpnu kann þinni' ei skarta.

O að eg trúar augum með" ýdrandi kynni' að líta", upp til þín, Jesú, á krossetrēð", og mēr svo til þín flýta". Drottinn, veit að þitt dýra blóð;" dropið úr píslar sárum", verdi mḗr synda græðsla góð;" en gjörsækki mínum tárum" í hvörskins hrygda bárum!

Vertú mín huggan útlegd í "alla tíd medanhjari!" gḗfdú mḗr náð svo gjæti að því", við glæpum mig ollum vari;" krossfesti Jesú! kraptur þinn" krapt veiti sálu minni", lagað svo gḗti' eg lifnað minn" lífs eptir reglu þinni;" eylífan frið svo finni.

Nú vil eg þínu nafni í' næturværd hlióta góda;" huggladur því til hvíldar snú", hirdirinn besti þióda!" vef um mig þinni varatekt", vodi svo næturinnar", skélfi mig ei né skadi frekt;" í skjóli' er handar þinnar" sæturst værd sálar minnar.

Sídarst nær daudans svæfil á» sígur mitt höfud lúna», og sálin víkur frí burt frá" fleti grafar uppbúna». Ó Jesú! sem minn deyddir deyd», daudans med krapti þínum», heim mig til þinnar hvíldar leid», heims úr útlegdar pínum», og gleym öllum glæpum mínum!

---

## Jesús og Eylífdin allt ángrudum.

Af Vigfúsi Eyríkssyni, presti til Hvamms í Laxárdal.

---

Lagid: Gud sem allri gjæfu rædur minni:

Kom, minn Jesú! kom og dvel þú eigi!» kom med huggan! þúngur finst mér treigi;» kom þér flýttu», kvellíng slíttu», krapti býttu", mér, á mótgángs veigi.

Blód þitt, Jesú! bótin sé mér rauna!» besta fróun allra hjartans kauna!» til þín eg mæni», þig grátbæni;» þjádur væni» betra lífsins launa.

Þar vid gledur þánkinn sig hér hreldur", þó eg lítnist fargi nauda seldur;» á öllum sárum", ángurs tárum», eymda bárum" lækníng Gud mér glédur.

Med þolgjædi trúar þjádur hjari», þreyandi hér vonar augum stari», til himna vista;» hvörs mig lystir». Herra Christi!" fridsæll gef eg fari!

Kaupmannahöfn, 1822.
Prentad hiá Þorsteini E. Rangel.